

Alþingi

Erindi nr. P 118 1233

25. nóvember 1994. JÖP/sk

komudagur 28 / 11 1994

Til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.
Frá Jóni Ógmundi Þormóðssyni, viðskiptaráðuneytinu. *J.Ö.Þ.*
Efni: Samspil hlutafélagafrumvarpanna og ársreikningsfrumvarpsins.

Með hliðsjón af beiðni á fundi nefndarinnar 24. nóvember skal eftirfarandi upplýst

Visst samspil er á milli hlutafélagafrumvarpsins og einkahlutafélagafrumvarpsins annars vegar og ársreikningsfrumvarpsins hins vegar.

Hlutafélagafrumvörpin ásamt frumvarpi til laga um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög voru tilbúin úr hendi þeirra sem sömdu þau snemma vetrar 1993-1994 en ársreikningsfrumvarpið ásamt bókhaldsfrumvarpinu í lok þess vetrar. Framlagning og meðferð hlutafélagafrumvarpanna tafðist af ýmsum ástæðum, fyrst og fremst vegna beiðni um skriflegar umsagnir og meðferðar þeirra. Gengið var út frá því við samningu hlutafélagafrumvarpanna að þau yrðu samþykkt á undan ársreiknings- og bókhaldsfrumvörpunum. Nú er gert ráð fyrir því að öll frumvörpin fimm verði samþykkt um svipað leyti eða fyrir áramót. Lagt er til að haldið verði við það að hlutafélagafrumvörpin verði afgreidd sem lög frá Alþingi á undan ársreiknings- og bókhaldsfrumvörpunum enda er nú gengið út frá því að kaflarnir um endurskoðun og ársreikninga í einkahlutafélagalögum verði felldir niður með ársreikningslögum. Ákvæði um endurskoðun og ársreikninga í hlutafélagalöggjöfinni fara í öllum grundvallaratriðum inn í ársreikningslögin en ársreikningslögin verða þó starlegri.

Með breytingum á hlutafélagafrumvarpinu er mögulegt að fella niður frumvarpsgreinar og lagagreinar er snerta endurskoðunar- og ársreikningskafla hlutafélagalaganna og gera ýmsar smábreytingar á hlutafélagalögum með hliðsjón af ársreikningslögum. Að því er snertir frumvarp til laga um einkahlutafélög tel ég betra að fella greinarkafllanna um endurskoðun og ársreikninga niður með ákvæði í ársreikningsfrumvarpinu, aðallega vegna þess að þá mundu kaflanúmer í hlutafélagalögum og einkahlutafélagalögum samsvara hver öðrum. Smábreytingar varðandi einkahlutafélög mætti hins vegar með hliðsjón af ársreikningslögum hins vegar gera í einkahlutafélagafrumvarpinu.

Smábreytingar þær sem gera þarf á lagaákvæðum um hlutafélög og einkahlutafélög felast nánar tiltekið aðallega í því að talað væri um endurskoðendur eða skoðunarmenn í stað þess að tala um endurskoðendur. Orðið endurskoðandi ætti þá í framtíðinni við löggilta endurskoðendur. Hugtakið löggiltur endurskoðandi kæmi þó fyrir í löggjöfinni. Í samvinnufélagalögunum er þegar byggt á þessari nýju hugtakanotkun. Aðrar smábreytingar á ákvæðunum um hlutafélög og einkahlutafélög felast í því að í hlutafélag- eða einkahlutafélagalögum yrði ekki vísað í þær greinar þessara laga sem felldar yrðu burt (greinarnar í endurskoðunar- og ársreikningsköflunum) heldur yrði vísað í lög um ársreikninga (ekki greinanúmer þar heldur efnisatriði þeirra).

Aftast í ársreikningsfrumvarpi yrðu af lagatæknilegum ástæðum gerðar smábreytingar á samvinnufélagalögunum með hliðsjón af ársreikningslögum.